

Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna

Stjórnarfundur – fundargerð

Dagsetning: 12. júlí 2021 kl. 18.00 – 19.10.

Staður: Skrifstofa félagsins að Stórhöfða 29. Jakob tók þátt um Zoom.

Mætt voru: Friðrik Rafnsson, Harpa Björnsdóttir, Jakob S. Jónsson, Snorri Steinn Sigurðsson, Valva Árnadóttir.

1.	Fundur settur	Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og kynnti dagskrá fundarins.		
2.	Fundargerð síðasta fundar	Fundargerð síðasta fundar samþykkt.	Á	
3.	Breytingar í stjórn	Breytingar hafa orðið á stjórn. Júlíus hefur sagt sig úr stjórn og kemur þá Harpa Björnsdóttir inn í stjórn í hans stað. Snorri Steinn verður nýr varaformaður í stað Júlíusar. Varamenn fá eftirleiðis dagskrá stjórnarfundar senda og svo samþykka fundargerð í því skyni að geta fylgst með og komið sjónarmiðum á framfæri.	Á Á	
4.	Skrifstofa	a) Samningur við Sonju bókara. Samningur verður gerður við Sonju í samræmi við ákvörðun fyrri stjórnar. b) Leigusamningur vegna skrifstofu. Rætt verður við leigusala um ákveðin atriði og reynt að koma á samningi fyrir júlílok.	Á	Friðrik Friðrik, Jakob
5.	Innri vefur o.fl.	Formaður greindi frá því að afþakkað var tilboð Óskars Kristjánssonar um aðstoð við að ganga frá innri vef og öðrum málum varðandi innleiðingu á umsýslukerfi félagsins. Verklag um innleiðingu umsýslukerfa – bókhalds, skjalavörslu, innri vefs osfrv. – verður áfram til umræðu.	U Á	Form., stjórn.
6.	Atvinnuleyfi erlendra leiðsögumanna	Nokkrar umsóknir hafa verið sendar félaginu vegna atvinnuleyfis. Kjarnanefnd fær þessar umsóknir til meðferðar og undirbýr þær til samþykktar stjórnar.	Á	Kjara- nefnd

7.	Öryggismál og fyrstu hjálpar námskeið; erindi Guðjóns Jenssonar	Guðjón Jensson hefur sent erindi til félagsins vegna kröfu frá atvinnurekanda um að hann taki 20 klst. Fyrstuhjálparnámskeið sem skilyrði fyrir verkefnum. Erindi Guðjóns verður rætt nánar í ljósi niðurstöðu starfshóps um menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna; stjórn almennt sammála um að taka þurfi þessi mál heildartökum en þá í ljósi væntanlegs samstarfs Leiðsagnar og SAF. Friðrik og Jakob ræða við Guðjón vegna þessa.	U Á	Friðrik, Jakob
8.	Tillaga BK	Sjá fundargerð frá 10. júní 2021. Friðrik hefur rætt við ASÍ og Jakob við BK; málinu er lokið með sátt.	U	
8.	Undirbúningur fundar trúnaðarráðs	Snorri Steinn greindi frá því að undirbúningur gangi eðlilega fyrir sig og stefnt verði að stuttum fundi með tímamörkum á hverjum lið. Meðal mikilvægra mála sem rædd verða á fundi trúnaðarráðs eru komandi kjarasamningar og kosning laganefndar í samræmi við ákvörðun aðalfundar. Fundur trúnaðarráðs verður haldinn á áður auglýstum tíma, fimmtudaginn n.k.	U	
9.	Önnur mál	1) Námskeið fyrir trúnaðarmenn. Verður rætt á fundi trúnaðarráðs n.k. fimmtudag. 2) Erindisbréf fyrir trúnaðarráð – verða þau gefin út fyrir nýtt trúnaðarráð?	Á U	Snorri Friðrik
10.	Fundi slitið	Fleira var ekki rætt og sleit formaður fundi. Formaður boðar til næsta fundar.		

Við lyklaborðið:

Fundargerð staðfest

Jakob S. Jónsson
Ritari

Friðrik Rafnsson
Formaður